

Nd.

567. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 7, 14. júní 1929, um tannlækningar.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta er komið frá hv. Ed. Breytingin, er frv. gerir á lögum um tannlækningar frá 1929, er sú, að dómsmálaráðherra er heimilt, með nánar tilteknum skilyrðum, að veita þeim mönnum, er hafa lokið tannsmíðanámi, leyfi til að setja gervitennur og tanngarða í menn, þar sem enginn tannlæknir er.

Nefndin aðhyllist þessa viðbót við lögin og leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 28. apríl 1932.

Bergur Jónsson,
form.

Sveinbjörn Högnason,
fundaskr.
Jón Ólafsson.

Þorleifur Jónsson,
frsm.